

Mig langar til þess að vekja athygli ykkar á þessum ályktunum sem sendar voru í gær frá Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda leikskóla og Hlíf varðandi sumaropnun leikskólanna. Áður hafa FL og FSL sent svipaða ályktun frá sér.

<https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2020/alyktun-vegna-sumaropnunar-leikskola-hafnarfjardar/>

<https://www.hlif.is/olga-i-leikskolum-baejarins/>

Þessar ályktanir hér að ofan lýsa vel því sem við, sem vinnum í leikskólunum höfum verið að reyna að útskýra fyrir ykkur síðast liðið ár. Upplifun mín af öllum okkar samræðum, hefur verið sú, að við í leikskólunum viljum bara fara í frí í júlí, séum ósveigjanleg, sjáum ekki hvernig nútímasamfélag á að virka og hvernig þjónusta við foreldra á að vera.

Ítrekað hef ég sagt ykkur að við leggjum okkur sjálf og okkar persónulega líf, algjörlega til hliðar þegar kemur að orlofstöku okkar. Í því felst gríðarleg fagmennska. Það skiptir engu máli hvenær yfir sumarið það er lokað, bara að það sé lokað í 4 vikur og við getum haldið skólastarfi okkar óbreyttu. Við erum nefnilega fagmenn á okkar sviði og höfum hagsmuni barnanna okkar að leiðarljósi í allri þessari umræðu sem og faglegt starf leikskólanna. Ég bið ykkur um að halda því ekki á lofti að vinnan í kringum sumaropnun hafi verið unnin í sátt við starfsmenn leikskólanna, það er olía á eldinn! Það hefur aldrei ríkt sátt um hana. Mín síðustu orð voru að af tvennu illu myndi ég kjósa leið A – þið völduð leið B og það lítur út fyrir að það hafi verið leiðin sem þið ætluðuð ykkur allan tímann, þ.e. að við myndum sjá um þetta óvelkomna verkefni.

Ég vil einnig ítreka að leikskólastjórar þurfa enga aðstoð við að raða fólkinu sínu í frí. Á hverjum degi þússlum við starfsmannahópnum okkar svo að leikskóladagurinn gangi upp. Í Covid höfum við rúllað verkefninu upp af glæsibrag og haldið uppi faglegu starfi og leikskólunum opnum. Við höfum hikstað á leiðinni þegar margir starfsmenn hafa verið frá vegna veikinda en það gengur því við erum vön að vinna saman, samheldinn hópur á hverjum stað sem veit nákvæmlega hvernig við getum gert hlutina. Þannig mun það ekki ganga fyrir sig yfir sumartímann því þá verður starfsmannahópurinn okkar tvístraður og inn stíga eflaust frábær ungmenni, þau bara þekkja ekki starfið og hafa ekki reynslu.

Ég benti á að værum við með leikskólana starfandi samkvæmt lögum og ef að tveir þriðju hlutar starfsmanna væru leikskólakennarar væri þetta ekkert mál. Við ættum bara langt í land. Ykkur til upplýsinga logar leikskólasamfélagið, sársaukinn er gríðarlegur og við fengum

stimpilinn þjónustustofnun eða gæsluvöllur. Eins og FSL og FL benda á er leikskólastigið sakvæmt lögum 90/2008 fyrsta skólastigið.

Mér finnst með öllu ólíðandi að þið takið ekki mark á um 400 undirskriftum starfsmanna bæjarins sem báðu ykkur um að hverfa frá þessari sumaropnun. Þið gerið starfsmenn bæjarins að engu, við erum bara það á móti óskum nokkurra foreldra. Nú hafa þó nokkuð margir foreldrar hér í bæ furðað sig á þessari ákvörðun ykkar og að þið lítið ekki á leikskólann sem fyrsta skólastigið. Skólastigið okkar hefur virkað þannig að við höfum upphaf og endi og alveg sama hvernig reynt er að segja okkur að það takist að halda vörð um það með leið B, þá heldur það engum rökum.

Á föstudaginn síðasta mætti ég í myndatöku með ný útgefið þróunarverkefni leikskólans míns, tengt snemmtækri íhlutun, málþroska og læsi leikskólabarna. Með mér voru fjórir aðrir leikskólastjórar, líka með sínar handbækur. Það var sorg og reiði í hópnum því það er búið að trampa svo illilega á faglegum rökum okkar og baráttu fyrir tilverurétti faglegs starfs í leikskólum bæjarins. Á meðal okkar var líka grunnskólastjóri fyrsta grunnskóla bæjarins sem gefur út sína handbók. Eina sem ég gat hugsað var að mikið er það nú frábært að grunnskólinn getur sinnt verkefninu sínu fram að lokun grunnskólans í júní og hafist strax handa í ágúst. Það er nefnilega fullkomið upphaf og endir skólastarfsins í grunnskólunum. Við í leikskólunum munum hins vegar leggja slíka vinnu niður í maí og byrjum aftur í byrjun október. Þegar búið er að hræra í faglega starfinu okkar alla þessa mánuði. Vinnuskóla ungmennin okkar hafa nefnilega ekki þekkingu né reynslu til þess að stýra verkefnum sem þessum. Er þá ótalið svo margt annað sem breytist. Það hefði kannski verið áhugavert að bjóða ykkur í heimsókn og eyða nokkrum dögum með okkur í leikskólunum til þess að fá tilfinningu fyrir því hvað við erum að gera og hvers starfið krefst. Það er ekki bara nóg að hafa verið eða vera foreldri með barn í leikskóla til þess að skilja og upplifa starfið.

Það versta í þessu öllu er að með ákvörðun um sumaropnun er ekki verið að vinna að því að gera Hafnarfjörð sem spennandi vettvangi fyrir leikskólakennara að sækja um starf í. Á landinu eru um 280 leikskólar og af þeim eru 23 leikskólar með opið allt sumarið á höfuðborgarsvæðinu og 3 úti á landi. Af hvaða þjónustu tölduð þið að þið væruð að missa af að veita? Eins og nútíminn býður upp á eru margir hópar til á Facebook, þar á meðal lokaðir

hópar fyrir stjórnendur leikskóla og leikskólakennara. Það skilja fáir hvert þið eruð að fara og tala um í hvaða skelfilegu átt Hafnarfjarðarbær er að fara. Að hlusta ekki á fagfólk og hlusta frekar á raddir, ég leyfi mér að segja fárra foreldra, sem hafa hátt um að leikskólar eigi að vera opnir allt sumarið. Foreldrar eiga samtals 12 vikur í sumarleyfi og þær hljóta að duga fyrir fjögurra vikna lokun leikskólans. Þessi ákvörðun ykkar er fráhrindandi fyrir fagfólk og ekki til að auka lýkur á að það velji leikskólana í Hafnarfirði til að vinna í og það er svo sárt að þið áttið ykkur ekki á því.

Síðustu vikur og mánuði hafa leikskólar í Hafnarfirði verið að auglýsa eftir, leikskólakennurum, deildarstjórum, sérkennslustjórum, o.fl. Það gengur mjög illa að ráða í þessar stöður, vissuð þið það? Er ykkur alveg sama um hvað faghlutfallið er í leikskólunum, er það bara þjónustan sem þið hafið að leiðarljósi í ykkar starfi sem bæjarfulltrúar? Hafið þið leitað eftir upplýsingum um hvað er að gerast? Ljóminn í kringum sumaropnunina og þjónustu við foreldra er svo mikill að það gleymist að skoða og kynna sér raunverulegar aðstæður.

Mér finnst ég illa svikin af sveitarfélaginu mínu sem ég hef unnið í síðustu 25 ár,  
Virðingafyllst Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, leikskólastjóri.